



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

VORBLÓT

11. APRÍL 2013





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Pärt: 15´00"

Bartók: 38´00"

Stravinskij: 43´00"

BAKHJARLAR:



GAMMA

VORBLÓT

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 11. APRÍL 2013 » 19:30

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Patricia Kopatchinskaja einleikari

Arvo Pärt

Sinfónía nr. 2 (1966)

I. Quarter note = 104-120

II. Half note = 112

III. Quarter note = 48-60

Béla Bartók

Fíðlukonsert nr. 2, BB 117 (1937-38)

Allegro non troppo

Andante tranquillo

Allegro molto

Hlé

Ígor Stravinskij

Vorblótið (1913)

Fyrri hluti: Koss jarðarinnar

Vorboðar (Dans ungmeyjanna) – Brottnámsleikur –

Vordansar – Stríðandi ættbálkar – Öldungurinn alvitri –

Dans jarðarinnar

Seinni hluti: Fórnin mikla

Inngangur – Helgidans ungmeyjanna – Hylling hinnar

útvöldu – Ákall til forfeðranna – Helgidans forfeðranna –

Fórnardans hinnar útvöldu



Ilan Volkov

hljómsveitarstjóri

Ilan Volkov aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands (f. 1976) hóf tónlistarnám ungur að árum. Hann var ráðinn aðstoðarstjórnandi Northern Sinfonia á Englandi 19 ára gamall og árið 1997 tók hann við samskonar stöðu við hlið Seijis Ozawa hjá Sinfóníuhljómsveitinni í Boston. Hann var valinn aðalstjórnandi skosku BBC-hljómsveitarinnar árið 2003 og var þá yngsti stjórnandinn til að gegna slíkri stöðu við bresku útvarpshljómsveitirnar. Hann stýrði hljómsveitinni meðal annars á Proms- og Edinborgarhátíðunum og lagði sig fram um að kynna nýja tónlist á meðan hann gegndi stöðunni, meðal annars nýjan sellókonert eftir Unsuk Chin með einleikaranum Alban Gerhardt á Proms-hátíðinni 2009.

Volkov lét af starfinu í Skotlandi árið 2009 og tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands í september 2011. Meðal þeirra hljómsveita sem hann stýrir reglulega eru fílharmóníuhljómsveitirnar í Ísrael, München og Rotterdam, Orchestra of the Age of Enlightenment, Sinfóníuhljómsveitin í Birmingham, Orchestre de Paris og Þjóðarhljómsveitin í Washington. Volkov hefur einnig stjórnað fjölda ópera.

Ilan Volkov hljóðritar fyrir Hyperion-útgáfuna og hlaut til að mynda Gramophone-verðlaunin 2009 fyrir hljóðritun sína af tónverkum Benjamins Britten.



Patricia Kopatchinskaja

einleikari

Fiðluleikarinn Patricia Kopatchinskaja (f. 1977) er af tónlistar-fólki komin. Móðir hennar er einnig fiðluleikari en faðir hennar cimbalomleikari og því á Kopatchinskaja ekki langt að sækja hæfileika sína. Hún hóf að læra á fiðlu um 6 ára aldur í heima-landi sínu Moldavíu en árið 1989 fluttist fjölskyldan til Vínar-borgar þar sem Kopatchinskaja hóf nám við Universitát für Musik und darstellende Kunst þar í borg. Þaðan lá leiðin til Bern í Sviss þar sem Kopatchinskaja lauk sólistaprófi með láði og í dag er hún búsett í Bern.

Það sem þykir einkenna Patricíu Kopatchinskaju sem fiðlu-leikara er fitonskraftur í leik hennar sem fléttast saman við óvið-jafnalega tækni og frjóa músíkalska hugsun. Enda virðist hún heilla jafnt áheyrendur og gagnrýnendur hvar sem hún kemur og hástemmdar lýsingar hafðar um leik hennar. Því skal engan undra að Kopatchinskaja hafi notið mikillar velgengni á liðnum áratug og listi yfir þá hljómsveitarstjóra og hljómsveitir sem hún hefur leikið með sé langur og tilkomumikill. Kopatchin-skaja leikur á fiðlu frá árinu 1834 smíðaða af Giovanni Francesco Pressenda auk þess sem hún kemur jafnan berfætt fram.

UM FLYTJANDANN

Í febrúarhefti BBC Music Magazine var hljóðritun Patricíu Kopatchinskaju á Fiðlukonsert nr. 2 eftir Béla Bartók valinn hljómsveitardiskur mánaðarins og hlaut fullt hús stiga fyrir flutning og hljóm. Þar lék hún ásamt Útvarpshljómsveitinni í Frankfurt undir stjórn Peters Eötvös.

Í dómi sínum ritaði rýnirinn Erik Levi: „Hugmyndaauðgi, flæði og kraftur í leik Patricíu Kopatchinskaju hneppir þann sem á hlýðir í álæg.“



Arvo Pärt

Sinfónía nr. 2

Eistneska tónskáldið Arvo Pärt (f. 1935) er efalítið með þekktari núlifandi tónskáldum. Verk hans í dag, og þau sem hann er þekktastur fyrir, eru iðulega hæg og ómblíð, næstum naumhyggjukennnd og oftast en ekki trúartengd. Því fer þó fjarri að Pärt hafi ávallt verið á þessum rólegu nótum í tónsmíðum sínum. Hann hóf tónsmíðaferil sinn með því að semja í hálfgerðum ný-klassískum stíl en fór fljótlega að dufla við tilraunakenndan framúrstefnustíl eða „avant-garde“ í verkum sínum. Í lok sjöunda áratugarins tók Pärt sér langt hlé frá tónsmíðum og hugsaði nálgun sína til listarinnar upp á nýtt. Er hann svo rauf sjálfskipaða þögnina hafði hann í farteskinu tónsmíðaaðferð sem hann nefndi *Tintinnabuli*. Fyrst og síðast nálgadist Pärt þó gömul gildi og aðferðir í tónsmíðatekni upp á nýtt. Skýr og einföld tónlist Pärts þar sem gregorísk áhrif og mystísk stemming ræður oft ríkjum virðist falla í kramið í hávaðasömum og hröðum heimi dagsins í dag.

Arvo Pärt er fæddur 11. september 1935 í Paide, smábæ suðaustur af Tallinn, höfuðborg Eistlands. Hann hóf tónlistarnám 7 ára gamall og hóf að semja tónlist við 14-15 ára aldur. Formlegt tónsmíðanám stundaði hann síðar undir leiðsögn Heino Eller við tónlistarháskólann í Tallinn. Á meðan á námi stóð réði Pärt sig í starf sem upptökustjóra eistneska útvarpsins. Starfið gaf honum kost á að vinna að allskonar tilraunum, því hann hafði aðgengi að hljóðverum útvarpsins þar sem hann gat unnið að tónlist sinni. Pärt flúði vestur yfir múrinn árið 1980, til Berlínar og bjó þar lengstum ef frá er talin stutt dvöl í Vínarborg. Í dag býr hann á víxl í Berlín og í Tallinn.

Sinfónía nr. 2 eftir Arvo Pärt er ekki af þeim toga sem hægt er að útlista sem hægferðuga og mínímalíska. Verkið er samið árið 1966 eða skömmu áður en Pärt hóf sitt sjálfskipaða þagnarbindindi. Sinfónían er samin á skeiði í ferli tónskáldsins sem einkennist af framúrstefnulegri tilraunamennsku. Verkið er í þremur þáttum og er samið fyrir hefðbundna sinfóníuhljómsveit sem þó er notuð á óhefðbundinn hátt. Í fyrsta kaflanum leika

strengir fálmkennt, óróleikinn svífur yfir. Óreiðan tekur þó á sig eilítið skýrari mynd þar sem blásarar leika ýmist langar nótur sem virka angurværar eða stuttar synkóperaðar hendingar sem ryðjast fram. Þrátt fyrir óreiðukenndan óróleika-blæinn má skipta kaflanum upp í upphaf, mið- og lokakafla. Annar kaflinn er hálfgerðt scherzo, blásarar leika hraðar hendingar en strengir smyrja á löngum nótum, háum og lágum á víxl. Er líður á taka strengir við með hinar hröðu tilviljanakenndu hendingar en blásarar setja stemminguna með lengri hendingum og áhrifin eru magnþrungin.

Lokakaflinn hefst á gleiðum ómstríðum hljómunum í strengjum og pákurnar leika tóninn es í sífellu. Smám saman vex tónlistin að styrk, óróleika gætir og hann vex uns hápunkti er náð. Þá hljómar allt í einu, út úr allri óreiðunni, undurfögur tónlist sem er ekki í neinu samhengi við það sem fyrir var. Og þó. Fegurðin í þessu stutta hendingarbroti, þar sem tónlist Tsjajkovskijs úr *Album for the Young* hljómar, er himnesk. Sælan varir þó í stutta stund því fyrr en varir er hlustandinn rifinn út úr þeirri fegurð sem hljómaði, allt saman hrynur til grunna og hljómsveitin kemur inn af ofsafengnum krafti. Þó sigrar hið fagra að lokum og klarínettan laumast inn úr ofsanum og hefur leik þar sem fegurðinni sleppti. Þetta niðurlag, þar sem fegurðin togast á við óreiðu og ofsa er áhugavert niðurlag á verkinu því það er eitt af þeim síðustu áður en Pärt endurskoðaði tónsmíðastíl sinn frá grunni og kannski hægt að segja að í þessu niðurlagi endurspegladist það sem koma skyldi í verkum Arvos Pärt.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfónía nr. 2 eftir Arvo Pärt hljómar nú í fyrsta sinn á Íslandi.



UM TÓNVERKIÐ

Sinfóníuhljómsveit Íslands
hefur tvisvar sinnum áður leikið
Fiðlukonsert nr. 2 eftir Béla
Bartók á tónleikum, árin 1978 og
1992. Í bæði skiptin var György
Pauk í hlutverki einleikarans en
um tónsprotann í fyrra sinnið
hélt Adam Fischer en hið síðara
Tamas Vestö.

Béla Bartók

Fiðlukonsert nr. 2

Árið 1938 hafði Béla Bartók (1881-1945) fulla ástæðu til þess að vera svartsýnn á framtíð Evrópu. Í bréfi sem hann ritaði vini sínum búsettum í Sviss tjáði hann djúpar áhyggjur og jafnvel hræðslu vegna þess ástands sem var yfirvofandi. Hann óttaðist um örlög heimalands síns, Ungverjalands, sem var honum afar kært.

Þrátt fyrir að útlitið væri dökkt á þessum tíma í pólitísku tilliti voru tveir ljósir punktar í lífi Bartóks þessi síðustu ár hans í Ungverjalandi, að minnsta kosti hvað tónsmíðar varðaði. Annars vegar var það mikilvægur stuðningur frá hljómsveitarstjóranum, listunnandanum og velgjörðarmanninum Paul Sacher sem pantað hafði ein þrjú verk af Bartók. Hins vegar var það útistandandi pöntun á fiðlukonsert sem fiðluleikarinn Zoltán Székely hafði beðið Bartók um að semja fyrir sig. Kvöldið sem Bartók hóf að vinna að konsertinum nr. 2 fékk hann efasemdir um verkið og tjáði áhyggjur sínar í bréfi til Székely, sem flúið hafði til Hollands. Um áhyggjur Bartóks má lesa í endurminningum Székely, en þær snerust um hvort fiðluleikarinn hefði tíma til þess að leika verkið yfir höfuð vegna anna, enda þá orðinn konsertmeistari við Concertgebouw hljómsveitina og við það að taka við stöðu fyrsta fiðluleikara í Ungverska kvartettinum. Székely sagðist myndi lofa að taka sér tíma til þess að flytja verkið reglulega, sem hann og gerði.

Bartók hafði ætlað sér að semja verk fyrir fiðlu og hljómsveit í tilbrigðaformi en eftir áköf mótmæli Székelys hvarf hann frá þeirri ætlan og gerði hefðbundinn þriggja þátta konsert. Þó er að finna í öllum þrem köflum verksins tilbrigðaform af einhverju tagi, misgreinileg þó.

Fiðlukonsert nr. 2 er meðal öndvegis fiðlukonserta 20. aldarinnar. Hann er í þremur þáttum og upphaf verksins er nokkurskonar rapsódía. Ferundir, fimmundir og tvíundir eru efniviðurinn sem Bartók notar að mestu og ungversku áhrifin allt um lykjandi. Seinna „þema“ kaflans er krómatískt og ólíkt því fyrra, en þrátt

fyrir krómatík er kaflinn innan dúr- og mollkerfisins. Fiðluleikarinn Yehudi Menuhin segir í bók frá samtali þeirra Bartóks í New York árið 1943 þar sem Bartók spurði fiðluleikarann út í verkið, sérstaklega einn stað í fyrsta kaflanum. „Þetta er fremur krómatískt hjá þér, þessar tónarunur“ sagði fiðlarinn. „Já“, sagði tónskáldið að bragði, „og kemur oft fyrir“. „Já“, svaraði Menuhin, „endurtekið ansi oft, en af hverju alltaf með smá breytingu?“ Bartók svaraði, „ég vildi kenna Schönberg hvernig nota ætti alla 12 tónana og halda sig samt innan tónal kerfisins!“ og bætti svo við kíminn „mér sýnist hver þessara tónaruna hjá mér vera efni- viður í heila óperu hjá þessum drengjum!“

Annar kaflinn er hægur og fráþætt dæmi um hversu lýriskur Bartók gat verið í verkum sínum. Kaflinn er í tilbrigðaformi þar sem sex ólík tilbrigði eru sett fram af ótrúlegu næmi. Harpan spilar hér stórt hlutverk í að ljá kaflanum ungværsk áhrif og gegnir kannski í og með hlutverki hins ungværsk hljóðfæris cimbalom. Þákur og dýpri strengjahljóðfærin leggja til rytmískan ramma utan um kaflann sem þó tapar aldrei lýriskri stemm- ingu sem minnir á kvöldlokku, frá Ungverjalandi.

Í lokakaflanum nýtir Bartók sér tilbrigðaformið á sérlega hug- myndaríkan máta því kaflanum mætti lýsa sem tilbrigðum við fyrsta kafla konsertsins. Bartók tekur þemu fyrsta kaflans og snýr þeim fram og til baka, tekur í sundur og setur saman á ný. Sér- staklega leikur hann sér með þann hluta fyrsta kaflans þar sem 12 tóna röðunum bregður fyrir. Allt í nýju ljósi og litum og jafn- vel með nýjum hrynboða. Undir lok kaflans eru allir lausir endar hnýttir og niðurlagið er afar glæsilegt.

UM TÓNVERKIÐ

Frumflutningur Fiðlukonserts nr. 2 eftir Béla Bartók fór fram 23. apríl árið 1938 í Concertgebouw í Amsterdam með samnefndri hljómsveit undir stjórn Willem Mengelberg. Frumflutningur verksins var hljóðritaður á 78 snúninga hljómplötur og er vitaskuld ómetanleg heimild í dag.



Igor Stravinskíj

Vorblótið

Þann 29. maí er rétt öld frá frumflutningi á ballettinum *Vorblóttinu* eftir rússneska tónskáldið Igor Stravinskíj (1882-1971). Frumflutningurinn markaði tímamót því *Vorblótið* er áhrifamesta tónverk 20. aldarinnar. Eins má segja að viðtökur verksins séu einstakar í tónlistarsögunni því hvorki fyrr né síðar hefur tónverki verið tekið með þvílíkum ósköpum og þetta kvöld þann 29. maí í nýbyggðu Champs-Élysées leikhúsinu í París.

Um tilurð verksins ritaði tónskáldið í endurminningum sínum að honum hafi staðið fyrir hugskotssjónum eitt augnablik sýn, helgiathöfn þar sem ungri stúlku var fórnað jörðinni til heiðurs. Stúlkan dansaði sig í hel umkringd vitrum öldungum, stúlkan var fórn til að friðþægja guði vors og jarðar.

Stravinskíj hóf að semja tónlistina við *Vorblótið* sumarið 1911 af einhverri alvöru. Í því skyni hitti hann listamanninn Nicolai Roerich sem var sérfróður í slavneskri sögu og þjóðfræðum. Saman unnu þeir að atburðarás ballettsins en auk þess að hafa með söguþráð verksins að gera sá Roerich um búningahönnun og sviðsmyndir og þáttur hans við verkið því stór.

Atburðarásin sem þeir Roerich og Stravinskíj lögðu til grundvallar að verkinu er eftirfarandi: Í fyrri hluta verksins er vorinu fagnað (Koss jarðarinnar), ungar stúlkur dansa vorinu til handa og ættbálkurinn skiptist í tvo andstæða hópa og dansar saman. Aldnir vitringar þorpsins koma inn á sviðið og dansinn er stöðvaður af aldursforseta þeirra. Öldungarnir blessa jörðina og ættbálkurinn allur dansar af ákafa jarðardansinn. Annar hluti: (Fórnin mikla) gerist að næturlagi. Dulúðlegir hringdansar ungmeyjanna eru til þess að velja megi fórnarlambið og að lokum er aðeins ein stúlka eftir. Ungmeyjar dansa þá henni til heiðurs og fela hana öldungunum. Með þeim dansar hún dans fórnarlambins og hnígur að lokum örend niður.

En hvað er það sem útskýrir þessar fjandsamlegu viðtök verksins? Líklegast er það sambland tónlistarinnar og svo svið-

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Vorblótið eftir Stravinskíj var frumflutt á Íslandi af Sinfóníuhljómsveit Æskunnar undir stjórn Pauls Zukofsky árið 1982. Síðan þá hefur Sinfónían leikið verkið í ein sjö skipti.

Fyrsti flutningur Sinfóníuhljómsveitarinnar var undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat árið 1985. Síðan þá hafa stjórnendurnir Petri Sakari (1991 og 2001), Osmo Vänskä (1995), Vladimir Ashkenazy (2004) og Rumon Gamba (í tvígang 2007), stýrt flutningi verksins.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Vorblótið er leikið tvisvar sinnum á þessu starfsári í tilefni af því að rétt öld er liðin frá frumflutningi verksins.

Vorblótið verður einnig flutt á Listahátíð í Reykjavík í vor í samvinnu við Íslenska dansflokkinn.

setningin sjálf sem þótti nýstárleg í meira lagi. Forsprakki balletthópsins Ballets Russes, Sergei Diaghilev, fól ungum dansara Vaslav Nijinsky að semja dansa við *Vorblótið*. Nijinsky var ein skærasta stjarna ballettheimsins en hafði nánast enga reynslu sem danshöfundur. Þó það kunni að hljóma mótsagnakennt var það markmið Nijinskys að gera dansinn eins fjarlægán hinum hefðbundna og siðfágaða ballett 19. aldarinnar og hugsast gat. Það er þó máski ekki mótsagnakennt þegar tónlistin er höfð til hlíðsjónar. Dansinn líktist engu því sem áhorfendur höfðu áður séð á ballettsviði. En það gerði tónlistin ekki heldur. Í stað þess að líða þokkafullt um sviðið voru dansararnir allt að því dýrlegir í hreyfingum sínum og allar hefðir og venjur brotnar á bak aftur. Til marks um hversu þetta tók á fyrir dansarana þá þurfti ríflega 100 æfingar með píanista til þess að dansararnir gætu tileinkað sér villimannslegan dansinn og flókinn hryn verksins.

En tónlistin átti einnig sinn þátt í viðtökunum. Þrátt fyrir að þessi tími í tónlistarsögunni hafi verið suðupottur breytinga og hefðum og venjum hafi verið kastað fyrir róða, var tónlistin við *Vorblótið* með þeim hætti að hún hreinlega sprengdi alla þá skala sem fyrir voru. Byltingarkenndur hrynur, þar sem síbreytilegir taktboðar verksins æða áfram og gerði það að verkum að fótfestu var hvergi að finna. Ómstríður settar fram af áður óþekktri ósvífni, þar sem laglína til dæmis hljómaði í tveimur fjarskyldum tóntegundum á sama tíma. Hljómar á borð við hinn fræga „Vorboða“-hljóm þar sem Es-dúr og E-dúr hljóma samtímis. Síendurtekin þrástef gefa verkinu frumstætt yfirbragð og svona mætti lengi telja.

Hvað sem viðtökunum líður er *Vorblótið* í alla staði byltingarkennt verk og það virðist Stravinskíj hafa gert sér grein fyrir er hann vann að verkinu. Enn í dag er kyngimagnaður kraftur þess jafn ferskur og fyrir réttari öld þó það hljómi ekki jafn framandi nú og þá. Óhætt er að fullyrða að tíræðisaldurinn fari *Vorblóti* Stravinskíjs sérlega vel.

Helgi Jónsson



EVE Online Sinfónía

24. apríl í Eldborg

Glænýjum og öðruvísi viðburði hefur verið bætt við dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu 24. apríl næstkomandi. *EVE Online*, hinn heimsþekkti sýndarveruleiki sem þróaður hefur verið af íslenska tölvuleikjafyrirtækinu CCP Games, fagnar tíu ára afmæli sínu á næsta ári. Í tilefni þess mun Sinfóníuhljóm-sveitin spila tónlist úr *EVE Online* og marka þar með upphaf hátíðahaldanna sem fram munu fara í apríl á næsta ári.

Svipbrot af mikilli sjónrænni fegurð leikjarins bregður fyrir á hvíta tjaldinu á meðan á tónleikunum stendur.

Þetta verður í fyrsta sinn sem tónlistin úr EVE er leikin af sinfóníuhljómsveit og jafnframt í fyrsta skipti sem Sinfóníuhljóm-sveit Íslands leikur tónlist úr tölvuleik.

Missið ekki af þessari einstöku upplifun!

Jón Hallur Haraldsson Eve Online Sinfónía

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Guðni Franzson hljómsveitarstjóri

GAMMA er einn af aðalstyrktaraðilum Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval
verðbréfa- og fagfjárfestisjóða

Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 519 3300, www.gamma.is



GAMMA

GAM Management hf

Hljómsveit á tónleikum

11. apríl 2013

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Rósa Guðmundsdóttir
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Júliana Elín Kjartansdóttir
Rut Ingólfssdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Lin Wei
Mark Reedman

2. FIÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Christian Diethard
Dóra Björgvinsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Kristján Matthíasson
Sígurlaug Eðvaldsdóttir
Kristín B. Ragnarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Vigdís Másdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Ásdís Runólfssdóttir
Kathryn Harrison
Sesselja Halldórsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Inga Rós Ingólfssdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lovísa Fjeldsted

BASSI

Hávaður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Magnea Árnadóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Matthias Nardeau
Peter Tompkins
Guðrún Másdóttir
Gillian Haworth

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson
Sigurður I. Snorrason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson
Snorri Heimisson

HORN

Frank Lloyd
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Sturlaugur J. Björnsson
Rakel B. Helgadóttir
Lilja Valdimarsdóttir
Stefán Jón Bernharðsson, wagnertúba
Þorkell Jólsson, wagnertúba

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Baldvin Oddsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
Einar Jónsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron
Sergio Carolino

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson
Steef van Oosterhout

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Einar Valur Scheving



Nº27
2013

Listahátíð
í Reykjavík



Frægustu danstónverk Stravinskys
á Listahátíð í Reykjavík
24. maí, KL. 19:30
25. maí, KL. 15:00
@ Harpa, Eldborg
KR. 3.000–8.900

Einstakt tækifæri til að upplifa danstónverk sem breytt hafa tónlistarsögunni og sjá nútímaleg og klassísk dansverk við lifandi flutning Sinfóníunnar á Eldborgarsviði Hörpu. Aðeins tvær sýningar.

Dansar í Eldborg njóta stuðnings

vib

Dansar í Eldborg

Íslenski dansflokkurinn & Sinfóníuhljómsveit
Íslands – Vorblótið & Petrúska

Miðasala er hafin á listahatid.is og í miðasölu Hörpu í síma 528 5050

www.listahatid.is

Samstarfsverkefni
Íslenska dansflokksins,
Sinfóníuhljómsveitar Íslands,
Hörpu og Listahátíðar
í Reykjavík með þáttöku
Listaháskóla Íslands.



MENNTA- OG
MENNIGÆRMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg



Landsvirkjun



TECTONICS

18. — 20. APRÍL

JÓNSSON & LE MACKS • J.LIS • SIA



Taka tvö!

Tectonics tónlistarhátíðin er nú haldin í annað sinn og mun Harpa íða af lífi þegar fjölbreytt verk verða kynnt á nýjan og einstæðan máta. Um 200 flytjendur og tónsmiðir koma fram á 24 tónleikum og viðburðum á þremur dögum.

Christian Wolff, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kjartan Sveinsson, Davíð Þór Jónsson, People Like Us, Víkingur Ólafsson, Chen Halevi, Lúðrasveit Æskunnar, Duo Harpverk, Eli Keszler, Hildur Guðnadóttir, Jessika Kenney, Eyvind Kang, Skúli Sverrisson og fleiri.

Á Tectonics renna fjölbreyttar tónlistarstefnur saman og mynda nýtt og spennandi landslag.



TECTONICS
Tónlistarbátíð

Listrænn stjórnandi ILAN VOLKOV

Miðar fánlegir

WWW.SINFONIA.IS
WWW.HARPA.IS



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

WWW.TECTONICSFESTIVAL.COM